

Stjórn Samfélagssjóðs Fljótisdals

Fundur nr. 17. 29. júní 2023

Fundarstaður: Végarður í Fljótisdal kl. 09:00

Mætt eru: Signý Ormarsdóttir formaður, Lárus Heiðarsson, Jóhann F. Þórhallsson, Þórhallur Jóhannsson, Arna Björg Bjarnadóttir og Páll Baldursson verkefnastjóri Austurbrú.

Dagskrá

1. Umsóknir í Samfélagssjóð 2023
2. Úthlutun 2023
3. Önnur mál

Formaður stjórnar bauð stjórnarmenn velkomna og setti fund.

1. Umsóknir í Samfélagssjóð 2023

Auglýst var eftir umsóknum í sjóðinn 2. maí 2023 á heimasíðu Fljótisdalshrepps og á fésbókarsíðu Fljótisdals. Umsóknarfrestur var til 6. júní 2023. Eftir ábendingu þá var ákveðið að framlengja umsóknarfrest til 12. júní 2023. Í auglýsingu kom fram að til úthlutunar var allt að 7,5 mkr. Í umsóknarfresti var boðið upp á ráðgjöf verkefnastjóra sem nokkrir umsækjendur nýttu sér.

Alls bárust 21 umsókn í sjóðinn, þar sem sótt var um samtals 29.950.970,- en heildarkostnaður verkefna sem sóttu um var 108,8mkr.

Yfirferð umsókna var með hefðbundnum hætti. Stjórn var beðin um að meta og láta vita af mögulegu vanhæfi. Í framhaldi mátu stjórnarmenn umsóknir og skiluðu til verkefnastjóra. Vinnugögn við yfirferð umsókna voru matsblað ásamt úthlutunarreglum og áherslum sjóðsins.

Á fundinum var farið yfir hvert og eitt verkefni og stjórnarmenn viku af fundi þegar var farið yfir verkefni þar sem þeir voru vanhæfir. ABB vék af fundi við yfirferð tveggja verkefna. ÞJ vék einnig af fundi við yfirferð á tveimur verkefnum. LH var ekki vanhæfur við yfirferð umsókna. JFP vék af fundi við yfirferð á tveimur verkefnum og SO vék af fundi við yfirferð á einu verkefni.

Eftir yfirferð var samþykkt að úthluta samtals 7.435.000,- til 16 verkefna.

Yfirlit yfir úthlutun og staðfesting á vanhæfni varðveitt í viðauka í gögnum sjóðsins.

2. Úthlutun 2023

Samþykkt var að þessu sinni yrði ekki haldin sérstök úthlutunarathöfn. Verkefnastjóra falið að tilkynna öllum umsækjendum niðurstöðu úthlutunar 2023, ásamt því að koma niðurstöðu úthlutunar vel á framfæri á viðeigandi miðlum.

3. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki, fundi slitið 12:00

Fundargerð ritaði Páll Baldursson